

Mál nr. 177/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn vátryggingartaka (X)****Skaðabótaábyrgð. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 19. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 2. júní 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. júní 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 10. júní 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti kveðst M hafa um kl. 6:00 hinn 20. október 2023 gengið eftir bílaplani, þar sem X geymir fjölda vagna sem ekki eru á leið, þegar hann var að hefja vinnudag sem strætóbílstjóri hjá X. Vagnarnir hafi staðið í þéttum röðum og myrkur á milli vagnanna. Þegar M hafi verið á leið í átt að vagni A sem M átti að keyra þann daginn þá hafi hann gengið á hlera á A sem var opinn. Segir að aðeins hafi verið nokkrir sentimetrar frá því að M gekk inn sunðið á milli vagnanna og meðfram vagninum sem hann átti að keyra og þar sem hlerinn stóð opinn. M hafi því ekki séð hlerann, gengið á hann, fengið bylmingshögg á höfuðið og legið blóðugur eftir. Meðal málsgagna eru myndir af aðstæðum, þ.m.t. hinum opna hlera og sjúkragögn um komu M á bráðmóttöku. Þá liggur fyrir vottorð til atvinnurekanda vegna fjarvista sem tilgreinir að M hafi verið fjarverandi frá vinnu frá slysdegi til 2. febrúar 2024. Í málskoti byggir M á því að starfsmanni X, sem skildi hlerann eftir opinn, hafi mátt vera fullljóst að með þeirri háttsemi hefði hann skapað hættulegar aðstæður sem líklegar væru til að valda alvarlegu líkamstjóni. Því megi rekja slysið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna X sem X ber skaðabótaábyrgð á. Þá byggir M á því að hlerarnir eigi alltaf að vera lokaðir. Þannig hafi hlerinn verið lokaður kvöldið áður þegar A fór í gegnum þvottavél og að hlerinn hafi annað hvort verið opnaður af öðrum starfsmanni X eftir þvottinn eða skilinn eftir ólæstur. Með málskotinu fylgdi álit fyrrverandi rekstrarstjóra X á Akureyri sem segir að hlerinn sé greinilega læsanlegur eða eigi að vera það. Telur rekstrarstjórinn fyrrverandi að annað hvort hafi einhver gleymt hleranum uppi eða að það hafi gleymst að læsa hleranum og/eða læsing ekki virk. Þannig opnist hlerinn ekki í vindi nema hann sé ólæstur og þá vegna mannlegra mistaka. Loks vísar M til 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, og þess að vanræksla á að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið geti haft áhrif á sönnunarmat, venjulega þannig að atvinnurekandi sé látinn bera hallan af því að málsatvik séu ekki nægilega vel upplýst, en óumdeilt er að X var strax upplýst um slysið og tilkynnti það ekki.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að slysið verði ekki rakið til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi starfsmanna X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Engin haldbær skýring sé á því af hverju hlerinn var opinn, önnur en að hann hafi fokið upp. Þannig hafi ekki verið sýnt fram á saknæma eða ólögmæta háttsemi starfsmanna X. Það sé því afstaða V að slys M verði rakið til óhappatilviljunar eða eigin aðgæsluleysis M og því séu skilyrði skaðabótaábyrgðar ekki fyrir hendi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu.

Í málskoti er á því byggt að slys M hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins og því beri X hallann af sönnunarskorti í málinu. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Samkvæmt gögnum málsins var X strax upplýst um slysið þar sem farið var með M á slysavarðstofu og þá liggur fyrir vottorð um óvinnufærni M frá slysdegi fram til febrúar 2024. Verður því talið að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins með þeim hætti að það hafi áhrif á almennar reglur um sönnunarbyrði.

Í málinu liggja engin bein sönnunargögn um ástæður þess að hlerinn á A hafði opnast með þeim hætti sem lýst hefur verið. Við sönnunarmatið verður að horfa til þess að X vanrækti tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins og ber því hallan af því að atvik málsins séu ekki nægilega upplýst. Því verður að leggja til grundvallar að hlerinn hafi annað hvort verið opnaður af starfsmönnum X eftir þvottinn kvöldið áður, skilinn eftir ólæstur af starfsmönnum X eða læsingin verið biluð, allt atriði sem rekja má til sagnæmrar háttsemi starfsmanna X. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. júlí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir